

Kirkjuþing 2021-2022

30. mál – þskj. 30

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.
Frsm. Agnesi M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Lagt er til að Kirkjuþing 2021-2022 samþykki eftirfarandi breytingu á 12. gr. starfsreglnanna:

Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakall í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist í eitt prestakall og að heiti þess verði Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Þann 11. ágúst 2021 var tillaga biskupafundar um sameiningu allra prestakalla í Húnavatnssýslu send prófasti, prestum og sóknarnefndum í Húnavatns- og Skagafjarðarprestakalli.

Í ljósi neikvæðra svara frá ofangreindum aðilum ákvað biskupafundur þann 13. september sl. að leggja ekki fyrir kirkjuþing þessar sameiningartillögur. Biskupafundur ákvað á þeim fundi, þrátt fyrir umsagnir úr héraði, að leggja fyrir kirkjuþing 2021-2022 tillögu um sameiningu Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakalla í ofangreindu prófastsdæmi. Tillagan yrði borin fram á kirkjuþinginu sem hefst 23. október n.k. en ekki tekin til afgreiðslu fyrr en á kirkjuþingsfundi eftir áramót enda munu þá umsagnir verða komnar úr héraði.

Biskupafundur telur brýna nauðsyn að sameina þessi prestaköll og telur að einn prestur eigi að geta þjónað hinu nýja prestakalli. Það rúmast þó ekki innan

hugmyndafræði biskupafundar um sameiningu prestakalla þar sem prestar séu fleiri en einn og vinni saman og jafni þjónustubrýði sína.